

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 6. október 2022 eftirfarandi:

Deiliskipulag íbúðarbyggðar við Víðiholt á Álftanesi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir íbúðarbyggð við nýja götu, Víðiholt, á óbyggðu svæði á milli hesthúsahverfis Sóta og íbúðarbyggðar við Asparholt og Lyngholt. Fjöldi íbúðareininga verður 70, þar af 20 raðhúsaíbúðir og 50 íbúðir í tveimur fjölbýlishúsum. Fjölbýlishúsin eru þrjár hæðir en raðhúsin tvær. Gatan Víðiholt tengist Breiðumýri suðaustan við hesthúsahverfi Sóta.

Kauptún 1, breyting á deiliskipulagi Kauptúns.

Samkvæmt deiliskipulagsbreytingunni er byggingarreitur stækkaður um 766 m², þ.e. um 149 m² til vesturs vegna fyrirhugaðs anddyris en um 617 m² til austurs að lóðarmörkum vegna stækkunar verslunarrýmis og lagers. Hámarksbyggingarmagn er aukið um 300 m² úr 8.100 m² í 8.400 m². Að öðru leyti gilda skilmálar sem koma fram í áður samþykktum deiliskipulagsskilmálum.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi þann 23. nóvember 2022 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Smáraflöt 3, óveruleg breyting deiliskipulags Flata.

Breytingin gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits framan við hús.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 13. desember 2022.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 13. desember 2022